



DÝRAVERNDARRÁÐ

Alþingi

Erindi nr. P 127/1959

komudagur 16. 4. 2002

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

16. apríl 2002
Snr. 11/01-1783/MH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, þskj. 1170 – 711. mál

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis í gær, 15. apríl, þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun fyrir hádegi 16. apríl.

Dýraverndarráð gerir eftirfarandi athugasemdir:

Umfjöllunartími

Dýraverndarráði er ætlaður einn sólarhringur til að veita umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun. Ljóst er að á svo skömmum tíma er ekki hægt að fjalla ítarlega um stórt mál sem stofnun Umhverfisstofnunar er og gagnrýnir dýraverndarráð harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessu máli. Í frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun er margt óljóst er varðar stöðu dýraverndarmála innan hinnar nýju stofnunar og í ljósi þess og þess tímaramma sem ráðinu er settur við umfjöllun málsins fer dýraverndarráð fram á að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað.

Undirbúningur lagagerðar og samleið stofnana og nefnda

Dýraverndarráð telur að með stofnun Umhverfisstofnunar sé stigið það skref að sameina starfsemi sem er um margt óskyld. Ekki er augljóst hvaða samleið hreindýraráð og Veidistjóraembættið eiga með Hollustuvernd ríkisins, hvaða samleið dýraverndarráð á með Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins og svo mætti áfram telja.

Í ákvæðum til bráðabirgða kemur fram að þegar lög um Umhverfisstofnun hafa verið samþykkt skuli umhverfisráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veidistjóri, til að undirbúa gildistöku laganna. Að mati dýraverndarráðs hefði verið eðlilegra að skipa þennan starfshóp áður en frumvarpið var skrifað, m.a. til að fjalla hvort grundvöllur sé fyrir að sameina umræddar stofnanir og nefndir og ef svo er að rökstyðja hvernig slík sameining muni ná fram því markmiði að bæta og efla stjórnsýslu innan náttúru- og umhverfisverndar. Þegar viðkomandi stofnanir og nefndir eru ekki hafðar með í ráðum er ekki hægt að búast við faglegum vinnubrögðum við lagagerð sem hér um ræðir.

Af þessari ástæðu fer dýraverndarráð fram á að frumvarpinu verði vísað til frekari vinnslu.

Samkvæmt frumvarpinu er Umhverfisstofnun ætlað að annast starfsemi tveggja nefnda umhverfisráðuneytis: Dýraverndarráðs og hreindýraráðs. Athygli vekur að stofnunin á ekki að annast starfsemi annarra tveggja nefnda ráðuneytisins, þ.e. ráðgjafanefndar um villt dýr

og tilraunadýranefndar. Ráðgjafanefnd um villt dýr starfar samkvæmt 3. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og tilraunadýranefnd sem starfar samkvæmt 16. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd. Allar eru nefndirnar umhverfissráðherra til ráðgjafar auk ýmissa annarra hlutverka. Þar sem einungis er gert ráð fyrir því í lagafrumvarpinu að Umhverfisstofnun annast starfsemi dýraverndarráðs og hreindýraráðs, en ekki ráðgjafanefndar um villt dýr og tilraunadýranefndar, leggur dýraverndarráð áherslu á að í athugasemdum við lagafrumvarpið verði rökstutt ítarlega af hverju starfsemi síðarnefndu nefndanna er ekki talin eiga samleið með starfsemi Umhverfisstofnunar.

Framtíð dýraverndarmála

Í 1. gr. frumvarps til laga um Umhverfisstofnun er greint frá hlutverki stofnunarinnar, sem m.a. er að annast framkvæmd laga nr. 15/1994 um dýravernd. Í 4. gr. segir enn fremur að 2. mgr. 17. gr. laganna breytist, þ.e.:

„Dýraverndarráð, skipað af umhverfissráðherra til fjögurra ára í senn, hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaganna Íslands. Umhverfissráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Varamenn skuli skipaðir með sama hætti”.

verður:

„Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna”.

Ofangreind lagabreyting gefur til kynna að með gildistöku laga um Umhverfisstofnun verði dýraverndarráð lagt niður. Þó má benda á að í frumvarpinu eru ekki nefndar aðrar breytingar á lögum nr. 15/1994 um dýravernd og því virðist sem þar verði áfram gert ráð fyrir tilvist dýraverndarráðs, sbr. 4., 17. og 18. gr.

Dýraverndarráð leggur áherslu á að í frumvarpinu komi skýrt fram hvort dýraverndarráð verður lagt niður með gildistöku laga um Umhverfisstofnun. Ef svo er leggur dýraverndarráð áherslu á að ítarleg grein verði gerð fyrir fyrirkomulagi dýraverndarmála í hinni nýju stofnun.

Dýraverndarráð bendir á að ef ráðið í núverandi mynd verður lagt niður er mikilvægt að málaflóknum verði ætlað eigið fagsvið innan nýrrar Umhverfisstofnunar með starfsmönnum sem hafa reynslu eða þekkingu á sviði dýraverndarmála. Þegar svo ber undir er mikilvægt að hægt sé að leita eftir umsögnum þeirra félagasamtaka sem nú eiga fulltrúa í dýraverndarráði. Í lagafrumvarpinu verður að koma skýrt fram hvernig málaflókurinn á að eflast og styrkjast með stofnun Umhverfisstofnunar.

Kostnaður

Í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarp um Umhverfisstofnun er fullyrt að sameining umræddra stofnana og nefnda hafi ekki áhrif á kostnað ríkisins ef frá er skilinn hugsanlegur kostnaður vegna biðlauna starfsmanna, allt að 10 m. kr. Gert ráð fyrir að kostnaður vegna launa forstjóra aukist um 7 m. kr. en á móti komi sparnaður í almennum rekstri, skrifstofuþjónustu og þess háttar.

Að mati dýraverndarráðs er ofangreind umsögn órökstudd. Miðað við núverandi ástand í náttúru- og umhverfisverndarmálum er ljóst að fjármagn sem ætlað er í umrædda málaflókka þarf að aukast allverulega ef markmiðið er að bæta styrkja og efla faglega vinnu og auka skilvirkni. Í þessu sambandi má benda á að auknar alþjóðlegar skuldbindingar kalla

á mikið fjármagn, auk umsvifa innanlands. Auk þessa furðar dýraverndarráð sig á að ekki sé gert ráð fyrir kostnaði vegna flutnings stofnana og nefnda í sameiginlegt húsnæði.

Dýraverndarráð bendir á að sá málaflokkur sem ráðið annast hefur hingað til verið fjársveltur. Í því sambandi má nefna að einungis hefur fengist heimild til að ráða starfsmann í 25% starfhlutfall og fulltrúar ráðsins fengu fyrir árið 2001 aðeins greitt fyrir fundarsetu en ekki vinnu utan funda. Því er ljóst að ef efla á málaflokkinn þarf að gera ráð fyrir talsverðum kostnaði vegna þess.

Faglegt hagræði og jafnræði málaflokka

Dýraverndarráð bendir á að þær stofnanir og nefndir sem ætlunin er að sameina í Umhverfisstofnun eru misstórar og ráðið telur mikla hættu á að ekki verði jafnræði með þeim. Í þessu sambandi má nefna að dýraverndarráð hefur í dag einn starfsmann í 25% starfshlutfalli, hreindýraráð hefur einn starfsmann, embætti veiðistjóra fimm starfsmenn, Náttúruvernd ríkisins 17 starfsmenn á móti um 50 starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins. Að mati dýraverndarráðs verður í lagafrumvarpinu að vera tryggt að starfsemi minni eininganna beri ekki skaða af sameiningunni. Einnig verður að koma skýrt fram hvernig slík sameining á að auka hagræðingu en það er að mati ráðsins ekki nægilega vel rökstutt.

Staða starfsmanna

Í lagafrumvarpinu er ekki fjallað um á skýran hátt hver staða núverandi starfsmanna umræddra stofnana og nefnda verður við sameiningu. Dýraverndarráð telur að tryggja þurfi rétt þeirra til sambærilegra starfa hjá hinni nýju stofnun og að þeir haldi núverandi ráðningarkjörum og réttindum.

Niðurstaða

Dýraverndarráð ítrekar þá afstöðu sína að sólarhringur er of skammur tími til að veita ítarlega umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun og að sú krafa hljóti að vera gerð í máli sem þessu að það sé vandlega unnið og samráð sé milli allra aðila sem að málinu koma. Dýraverndarráð fer fram á að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað og því verði vísað til frekari vinnslu ef verða á af sameiningu stofnana og nefnda sem leiða á til bættrar stjórnslu innan málaflokkana.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
ritari